



# SKÝRSLA STJÓRNAR 2023

**KÆRLEIKSSAMTÖKIN fta**  
**almannaeillafélag**

## EFNISYFIRLIT

Kærleikssamtökin almannaheillafélag - tilgangur og markmið .....	2
Samantekt á starfi félagsins frá upphafi .....	3
Rekstraryfirlit .....	3
Fjáröflun og styrkir .....	10
Framtíðarsýn - þrepaskipt áfangheimili .....	10
Nálgun og aðferð.....	11
Virkni- og stuðningsúrræði.....	12
Mannréttindakerfi og heildarlausnir kærleikssamtakanna .....	13
Mikilvægi vitundarvakningar .....	16
Niðurlag .....	16

## **KÆRLEIKSSAMTÖKIN ALMANNAHEILLAFÉLAG - TILGANGUR OG MARKMIÐ**

Kærleikssamtökin hafa frá upphafi unnið almannaheillastarf. Það var því tilvalið að fá félagið skráð sem almannaheillafélag (fta) þegar ný lög nr. 110/2021 voru gefin út. Varð félagið að fta félagi þann 4.3.2022 og fékk skráningu í almannaheillaskrá ríkisskattstjóra um haustið, en sú skráning þýðir að styrktaraðilar fá skattaafslátt á móti beinu framlagi, í samræmi við annars vegar styrki einstaklinga og hins vegar styrki fyrirtækja.

Starf Kærleikssamtakanna hefur alla tíð gengið út á að leiða saman einstaklinga og hópa í samstarfi, koma fram með vitundarvakningu um heildarlausnir sem tengjast mannréttindum, ýta undir að allir geti komið að, setið við sama borð og sýnt hvort öðru virðingu, til að geta tekið höndum saman óháð bakgrunni hvers og eins og tryggja að hvert okkar geti lifað sæmandi lífi.

Á þeirri vegferð hefur því miður margt komið fram sem bendir til þess að margir einstaklingar eru tilbúnari að líta fram hjá eða verja sig og starf sitt á þann hátt - að aðrir verða undir og sitja eftir.

Þá hefur starf samtakanna sem tengist vinnu með einstaklingum falið í sér að rjúfa félagslega einangrun með virkni- og stuðningsúrræði, gefa einstaklingum rödd, aðstoða með erindi, vera stuðningur og efla einstaklinga til að horfast í augu við og takast á við sinn eigin vanda, hver sem hann er, og leita sér nauðsynlegrar aðstoðar, stuðnings, endurhæfingar og/eða meðferðar.

Starf samtakanna einskorðast við íslenskumælandi íslenska ríkisborgara. Til skýringar þá eru fjölmörg félög og Útlendingastofnun sem sérhæfa sig í vinnu með einstaklingum af erlendum grunni. Með íslenskumælandi íslenskum ríkisborgara er átt við einstaklinga sem tala og skilja íslenskt mál því allt starf samtakanna fer fram á íslensku. Tilgangur og markmið félagsins var uppfært við umsókn um fta félag og er í dag eftirfarandi:

*Tilgangur og markmið félagsins er að gæta hagsmuna og reka félagsstarf fyrir einstaklinga sem eru félagslega einangraðir, búa við fátækt, eru heimilislausir og eiga langtíma óreglu- og/eða áfallasögu, með áherslu á jaðarsetta og viðkvæma hópa í þjóðfélaginu. Markmið til að ná tilgangi félagsins, eru að:*

- *Starfa í þágu íslenskumælandi íslenskra ríkisborgara.*
- *Vera vettvangur fyrir félagsmenn.*
- *Vera með félagstarf, virkni- og stuðningsúrræði fyrir félagsmenn.*
- *Vera með forvarnarstarf til að fyrirbyggja og rjúfa félagslega einangrun.*
- *Vera með fræðsluefni og vinnustofur fyrir félagsmenn.*
- *Skapa þannig tækifæri að uppbyggjandi og langvarandi lausnum fyrir félagsmenn.*

- *Stuðla að jákvæðum mannlegum samskiptum við og milli félagsmanna.*
- *Styðja félagsmenn til að sækja sér meðferðar og/eða nauðsynlegar heilbrigðisþjónustu og endurhæfingu eftir þörfum.*
- *Miðla uppbyggjandi, efnislegum og andlegum aðferðum sem hægt er að nota í daglegu lífi án trúarskoðana.*
- *Með samstarfssamningum er stuðlað að samvinnu við einstaklinga, fyrirtæki og félag, stofnanir og stjórnmalaflokka sem vinna að uppbyggjandi úrræðum.*
- *Standa vörð um réttindi og hagsmuni félagsmanna. Ýta undir lausnir og þrýsta á sveitarfélög og ríkið til að virða mannréttindalög gagnvart jaðarsettum og viðkvæmum hópum í þjóðfélaginu og tryggja þeim lífsnauðsynleg lífsgæði.*

*Kærleikssamtökin starfrækja 7 deildir sem tengjast tilgangi og markmiðum félagsins; Deild 1. Bækurnar. Deild 2. Ég er þessi virði. Deild 3. Fangar í nýju ljósi. Deild 4. Félagshemili. Deild 5. Kærleikssveitin Forvarnarstarf. Deild 6. Mannréttindi. Deild 7. Réttur til heimilis.*

*Hver deild byggir á almannaheillabætti sem getur haft mikla þýðingu fyrir jaðarsetta og viðkvæma hópa og þjóðfélagið í heild. Samanlagt kallar starf deildanna fram viðtæk áhrif fyrir félagsmenn, stuðla að varanlegu úrræði, fyrirbyggja og rjúfa félagslega einangrun, ýta undir virkni og að félagsmenn nýti sér stuðning, með það markmið að geta lifað sæmandi lífi.*

## **SAMANTEKT Á STARFI FÉLAGSINS FRÁ UPPHAFI**

Kærleikssamtökin voru stofnuð sem almenn félagasamtök 1.11.2004. Hefur Sigurlaug G. Ingólfssdóttir verið formaður félagsins frá upphafi. Um var að ræða andlega köllun sem hefur alla tíð einkennt starfið. Hefur Sigurlaug verið leidd áfram í mótun og uppbyggingu félagsins í gegnum árin og þá samhliða sínum áskorunum vegna geðrænna veikinda sem tengjast áföllum úr barnæsku.

Kærleikssamtökin ganga út frá að mannréttindi séu tengd mannlegu sjónarhorni en ekki lögum, á þann hátt að allir eiga sama rétt á að lifa sæmandi lífi og að þeir einstaklingar sem ekki hafa náð fótfestu í lífinu séu ekki síður hæfir til að skilja mannréttindi sín. Einstaklingar með áfallasögu einangrast í sínum eigin heimi og þurfa aðstoð og stuðning til að losa um þá félagslegu einangrun sem áföllin hafa komið þeim í. Til viðbótar að takast á við annan vanda sem hefur orðið til vegna engrar/ónægrar aðstoðar og stuðnings, s.s. fátækt, heimilisleysi og óregla (hvers kyns fíknar- og neysluvandi). Lög, reglugerðir og kerfin geta ekki tryggt þennan þátt, þ.e. að hver einstaklingur hafi rétt á að hafa skoðun á sínum málum, vera þátttakandi í mótun þeirra og samþykkja eða hafna úrræðum eftir því hvort viðkomandi telur, þau henti sér eða ekki.

Á árunum 2004-11 fólst starfið í fyrirlestrinum *Punglyndi án lyfja*, hugleiðsluhóp, fyrirbænum, heilun, jóga fyrir börn og fullorðna, sjálfsstyrktar námskeiði fyrir almenning, hjá Götusmiðjunni og inni á Litla Hrauni, einstaklingsvinnu með verkefnamöppu, ásamt því að aðstoða nokkra einstaklinga sem voru heimilislausir. Unnið var að því að hafa samband við nokkur félagasamtök til að koma á samstarfi og útbúa aðgengi fyrir almenning með upplýsingum um hvert væri best að leita eftir því hvaða úrræði hver þurfti. Styrktarverkefni var unnið með einstaklingum utan fangelsis, sem var á vegum Evrópusambandsins um alla Evrópu og hét *Evrópuár 2010 gegn fátækt og félagslegri einangrun*. Verkefnið hjá Kærleikssamtökunum hét *Fangar í nýju ljósi*. Gefin var út bæklingur um verkefnið og honum dreift um landið á bókasöfn, þjónustumiðstöðvar, lögreglustöðvar og aðra opinbera staði.

(á vefsíðunni [www.kaerleikssamtokin.is](http://www.kaerleikssamtokin.is) er hægt að sjá bæklinginn)

Kærleikssamtökunum var lokað frá desember 2011 til desember 2015 vegna veikinda formanns. Sigurlaug segir *"Eftir 4ra ára fjarveru og meðferðir fór ég að skilja að starf samtakanna hafði þróast samhliða mínu bataferli. Það var ekkert annað að gera en að opna þau aftur og ég kom meðvitaðri, öruggari og sterkari til baka. Næstu tvo árin gengu þó hægt því ég var að venjast því að lifa án kvíða. Ég lærði að það var ekki nóg að losna við kvíðann heldur tók þá við tími til að aðlagast og læra að eiga samskipti án hans, að taka ákvarðanir með nýjum hætti og treysta án þess að þurfa að fara í gegnum langt innra skoðunarferli til að meta hlutina. Þetta var erfiður tími en góður."*

Haustið 2017 var aftur haft samband við fleiri félagasamtök til að athuga með og koma á samstarfi. Sú sýn að félagasamtök eigi og þurfi að vinna saman á nýjum forsendum hefur verði ástæða þess að koma því á. Lögð var áhersla á að koma saman að verkefnum fyrir mismunandi hópa þar sem mörg félög eru með áherslu á ákveðna hópa. Þetta virtist snúið og við oft spurð hvort við vildum peninga félagsins sem við vorum að hitta. En samstarfið sem við ræddum snerist um að hvert félag væri sjálfstætt í sínum verkefnum en kæmi að sameiginlegu verkefni með öðrum félögum. Aðalatriðið við þetta er að geta aðstoðað einstaklinga á breiðari grunni, þ.e. að einstaklingurinn geti verið með stuðningsnet nokkurra aðila sem viðkomandi þarf á að halda en leggja áherslu á ólíka þætti.

Í október 2018 héldu Kærleikssamtökin fund og bauð nokkrum félagasamtökum að koma og ræða samstarf sín á milli. Þeir sem mættu voru sammála um að það þyrfti samstarf milli félagasamtaka en einnig kom fram að sumir gátu ekki bætt við sig þeirri vinnu og aðrir gátu ekki verið í samstarfi út af ólíkum áherslum innan félaganna. Nokkur félög voru þó tilbúin að vera með í erindi til stýrihóps í málefnum heimilislausra og óska eftir fundi, sem fékkst ekki. Eftir stóð að félagasamtök voru að mati Kærleikssamtakanna ekki tilbúin að einblína á

nauðsyn samstarfs í þágu þeirra einstaklinga og hópa sem eru undir í þjóðfélaginu og þrýsta á sveitarfélög og hið opinbera til að gera betur.

Við getum gert okkur í hugarlund að vera með stuðningsaðila t.d. hjá AA, hjá SÁÁ, hjá t.d. Geðhjálp, Hugarafli, Hlutverkasetri, Virk eða Janus endurhæfingu, hjá Rauða krossinum eða Afstöðu félagi fanga og hjá Kærleikssamtökunum. Að þessir stuðningsaðilar (sem geta verið sponsor, ráðgjafi, sálfræðingur, iðju-/sjúkrapjálfi eða annar aðili) tala þá saman og vinna sameiginlega að því að halda utan um, virkja, styðja og byggja einstaklinginn upp.

Að auki þarf að verða meira samstarf milli félagasamtaka til að þau komi störfum sínum markvissara á framfæri við hið opinbera, svo að meira tillit sé tekið til nauðsynjar félagasamtaka með margvíslegan ávinning fyrir þjóðfélagið í heild.

Í desember 2017 komu Kærleikssamtökin að aðstæðum einstaklinga sem bjuggu í húsbílum á tjaldsvæðinu í Laugardal og sem borgin var þá að reyna að fá til að flytja í nýopnað neyðarathvarf í Víðinesí. Nokkrir einstaklingar annars staðar frá komu einnig í Víðines, mikil óvissa ríkti um framhaldið og með aðstoð samtakanna var leigusamningunum rift og óskað eftir fundi með borgarstjóra. Viðbrögðin voru hótanir í garð einstaklinganna sem neyddust til að velja á milli þess að vera húsnæðislaus eða samþykkja valdbeitingu kerfisins. Fór það á báða vegu því hver og einn var misjafnlega tilbúinn að fara á móti kerfinu.

Varðandi tjaldsvæðið lögðum við til með einstaklingunum á svæðinu, að fundin yrði lóð undir húsbíla og tillaga að tveimur lóðum lögð fram fyrir Rvkborg. Margir fundir voru haldnir veturinn 2018-19 með Rvkborg til að ræða stöðuna og finna lausn. Óskað var eftir tilboði frá samtökunum til að hafa umsjón með þessu verkefni á tjaldsvæðinu yfir veturinn, sem við lögðum fram vorið 2019. Eina krafan sem við gerðum var að fá skýr svör um það hvert við ættum að vísa heimilislausum einstaklingum sem læddust inn á tjaldsvæðið yfir blánóttina til að hvílast í tjaldi eða jafnvel bara svefnpoka (allan ársins hring) en gátu ekki greitt leigu og/eða voru undir áhrifum. Við upplýstum einnig um háttalag félagsins sem sá um tjaldsvæðið, en mikið reyndu þau að koma þessum hópi einstaklinga burt með ýmsum ráðum. Það fór svo að næsta vetur var ákveðið að nota það sem við höfðum lagt fram í tilboðinu en láta aðra sjá um það.

Samhliða þessu starfi vorum við úti á götu og kynntumst einstaklingum sem dvöldu í Gistiskýlinu, í gámunum út á Granda eða löbbuðu hring eftir hring alla nóttina, dvöldu í bílakjöllurum eða bara þar sem þeir komust inn hverju sinni. Í þeim hópi voru allmargir sem þáðu aðstoð okkar við bréfskriftir og sem við mættum með á fundi hjá velferðarsviðinu til að þrýsta á rétt þeirra. Kerfið fór á hliðina því það gat ekki umborið þessa aðstoð og stuðning við þennan hóp einstaklinga. Bréfaskriftirnar teygðu sig víða í formi erinda og kvartana en greinilegt er að kerfið stendur með kerfinu, þ.e. stofnanir sem tóku við

kvörtunum er vörðuðu velferðarsvið sveitarfélaga fóru að spyrna við og ýta þeim út af borðinu ef hægt var. Kærleikssamtökin hafa ekki byggt erindi sín mikið á lögfræðilegum grunni heldur út frá því að heimilisláusir einstaklingar eiga rétt á einstaklingsmiðaðri þjónustu frá sínu sveitarfélagi sem á að uppfylla stjórnsýslulög og fjölmörg mannréttindalög. Því var stöðugt haldið fram að svo væri þrátt fyrir að um mitt sumar 2018 kom út álit umboðsmanns Alþingis (9164/2016) sem sýndi fram á að svo var ekki.

Frá ágúst 2017 til júlí 2018 ræddu Kærleikssamtökin við nokkra stjórnámálamenn og -flokka. Fundur var haldinn með Flokki Fólksins í ágúst 2017, töluverðar viðræður voru við Eypór Arnalds fyrir kosningar vorið 2018 og fékk hann og samstarfsfólk hans góða innsýn inn í málefni heimilisláusra, einstaklinganna á tjaldsvæðinu og í Víðinesi. Óskað var eftir fundi með borgarstjóra 18.6.2018 og aftur 4.7.2018 til að ræða samstarf í málefnum heimilisláusra - engin viðbrögð. Óskað var eftir fundi með meirihlutanum eftir kosningar 27.6.2018 - engin viðbrögð. Óskað var eftir fundi með minnihlutanum eftir kosningar og úr varð þessi fíni fundur þann 29.6.2018 þó engin þeirra væri tilbúin að gera samstarfssamning. Þarna var komin verulegur þrýstingur á meirihlutann út af málefnum heimilisláusra því niðurstöður rannsókna sýndu fram á 95% aukningu á heimilisleysi á árunum 2012-17. Strax að loknum fundinum með minnihlutanum, sendi Sanna M. Mörtudóttir borgarfulltrúi, inn beiðni um aukafund með velferðarsviði- ráði og meirihlutanum, f.h. minnihlutans og Kærleikssamtakanna. Allt gerðist þetta rétt áður en álit umboðsmanns Alþingis kom út, sem var frumkvæðis athugun hans á málefnum utangarðsfólks.

Vegna mikils þrýstings á meirihlutann kom frétt þann 27.7.2018 þess efnis að haldinn yrði aukafundur í borgarstjórn að beiðni minnihlutans - ekkert minnst á Kærleikssamtökin. Sendum við frá okkur yfirlýsingu og leiðrétum málið en ekkert var hlustað á það og okkur ekki hleypt inn á fundinn. Í sömu frétt er tilkynnt um stærri fund 10.8.2018 með hagsmunaaðilum, einnig segir að það skipti máli þegar verið sé að ræða svona málefni að allir komi að borðinu. Þessi orð áttu sér ekki lengi stoð því stýrihópurinn sem var valinn til að vinna næstu stefnu í málefnum heimilisláusra hitti útvalin félög og takmarkaði allan aðgang eins og hægt var - svo margir sem komust að borðinu fengu 5 mínútur í ágúst 2018 og aðrar nokkrar mínútur í febrúar 2019 til að koma sínum málum á framfæri.

Annað er að í fundarboði fyrir fundinn 10.8.2018 stendur "Að í álitinu (frá umboðsmanni) sé ljósi varpað á vaxandi vanda heimilisláusra á höfuðborgarsvæðinu". Í álitinu segir hins vegar "Tildrög athugunarinnar voru m.a. kvartanir og ábendingar sem umboðsmanni hafa borist þar sem gerðar eru athugasemdir við hvernig sveitarfélögin rækja það verkefni að sjá til þess að veita þeim, sem ekki eru færir um það sjálfir, úrlausn í húsnæðismálum og meðferð slíkra mála". Þá segir einnig að umboðsmaður komst að þeirri niðurstöðu "að

miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar um biðtíma utangarðsfólks eftir því að fá úthlutað varanlegu húsnæði hjá Reykjavíkurborg, skilyrði sem í reynd eru sett gagnvart þeim sem glíma við fíknivanda til að fá úthlutað húsnæði og fjölda gistinátta sömu einstaklinga í neyðarathvörfum hjá borginni, verði ekki annað ráðið en að til staðar sé almennur og viðvarandi vandi í tengslum við húsnæðismál utangarðsfólks og það sama eigi við um hóp einstaklinga með fjölþættan vanda. Ekki sé unnt að líta svo á að almennur málsmeðferðartími í málaflökknum sé í samræmi við þau sjónarmið sem liggja til grundvallar málshraðareglum stjórnásluslúttarins. Þegar þessi atriði og umgjörð við úrlausn á húsnæðisvanda utangarðsfólks hjá Reykjavíkurborg séu virt heildstætt **skorti á að Reykjavíkurborg tryggji utangarðsfólki, svo fullnægjandi sé, aðstoð við lausn á bráðum húsnæðisvanda** í samræmi við ákvæði laga nr. 40/1991, eins og þau verða túlkuð í ljósi 1. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar og fjölþjóðlegra mannréttindareglna. Umboðsmaður komst einnig að þeirri niðurstöðu **að reglur Reykjavíkurborgar um félagslegar leiguíbúðir og sérstakar húsaleigubætur fullnægi ekki kröfum sem gera verður til skýrleika reglna um skilyrði sem í reynd eru sett fyrir úthlutun húsnæðis**".

Kærleikssamtökin, með hópi heimilislausra einstaklinga báðu um 3 neyðarfundi vegna aðstæðna og óvissu í Víðinesi og tjaldsvæðinu á Laugardalnum. Fyrst 2.12.2018, næst 20.12.2018 og svo 9.5.2019. Einstaklingar sem kölluðu með þessu móti á hjálp því þau bjuggu við mikla óvissu, kvíða og vanlíðan á báðum þessum stöðum. Engin sem haft var samband við, þ.e. velferðarsvið Rvkborgar, borgarfulltrúar og ákveðin ráðuneyti, sá ástæðu til að hitta okkur.

Nefna má að við fyrirspurn til velferðarsviðs Rvkborgar um húsnæði fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd var svarið m.a. "**Samningur er á milli Útlendingastofnunar og Reykjavíkurborgar að þjónusta umsækjendur um alþjóðlega vernd og er liður í hlutverki stjórnvalda að tryggja þjónustu á meðan mál þeirra eru til meðferðar og tryggja látlaust og fullnægjandi húsnæði. Eru þetta íbúðir á almennum markaði**". Síðustu tvö árin hefur enn meira bæst við aðgerðir og fjárútlát vegna innflytjenda og hefur hvert húsnæðið á fætur öðru verið tekið á leigu og innréttað - á meðan ekki er til fjármagn til að tryggja íslenskum ríkisborgunum húsnæði, ekki einu sinni bráðabirgðahúsnæði.

Nokkur hóperindi voru skrifuð með heimilislausum einstaklingum vegna margra ósvaraðra erinda á þjónustumiðstöðum, til að kalla eftir svörum og þrýsta á breytingar. Ákveðið var í október 2019 að boða til fundar með velferðarsviði Rvkborgar, umboðsmanni borgarbúa og umboðsmanni Alþingis. Velferðarsviðið og umboðsmaður borgarbúa reyndu að taka yfir undirbúning fundarins, þeim gat ekki hugnast að með okkur kæmi 20 manna hópur heimilislausra einstaklinga. Það kom covid og velferðarsviðið gat blásið fundinn af, minnt var á hann í fyrra en engin viðbrögð hafa borist enn.



Árið 2017 höfðu Kærleikssamtökin staðið að söfnun til að kaupa ákveðið einbýli og reka þar áfangaheimili. Þar sem ekki náðist að kaupa eignina var óskað eftir kaupleigusamningi sem náði ekki fótfestu. Engin leið var að fá húsnæðið leigt á þeim tíma en það breyttist í byrjun árs 2020. Með mjög stuttum fyrirvara tókum við húsið á leigu, en sá mannskapur sem var tilbúinn að koma að verkefninu tveimur árum fyrr var ekki lengur tiltækur. Þarna var húsið illa farið eftir útleigu til annars aðila í eitt og hálf ár á undan og greinilegt að allt of mörgum vinnuöðnum hafði verið komið þar fyrir. Mikil vinna fór í að þrifa húsið ásamt því að það hafði lekið á þrem stöðum í nokkur ár. Húsið var leigt í því ástandi sem það var í. Þegar reyndi á að nota ákveðin herbergi, m.a. vegna lekanna og mun meiri vinnu við að lagfæra þá en var fyrirséð og að sum herbergin náðu ekki skilyrðum um stærð, þá náðist ekkert samkomulag og við áttum að bera allan viðgerðarkostnað. Garðurinn hafði ekki verði hirtur í 10 ár. Hluti af virkniúrræðinu var, að þarna væru fjölmörg verkefni sem leigjendur gætu tekið þátt í eftir getu og áhuga og langflestir töluðu um hversu niðurdrepandi það væri að hafa ekkert fyrir stafni yfir daginn. Nokkrir leigjendur tóku góðan þátt í þessum verkefnum á meðan aðrir kvörtuðu yfir að fá ekki nægilega þjónustu á móti leigu og fæðisgjaldi og aðrir vildu helst fá allt frítt. Til viðbótar var töluvert um ósanngjarna framkomu og margir vísuðu þannig sjálfum sér út.

EKKI var hægt að ná neinni lendingu varðandi leigu sem ekki var hægt að standa við, vinnan okkar við húsið ekki mikils metin, heldur leigusamningnum rift. Velferðarsvið Rvkborgar neitaði með öllu að aðstoða þá einstaklinga sem áttu erfitt með að borga leiguna og neituðu að greiða okkur styrk sem þeir veita áfangaheimilum, á grundvelli margra útúrsnúninga og því að einstaklingarnir höfðu ekki verið í endurhæfingu meðan á dvöl þeirra stóð. Önnur áfangaheimili hafa ekki þurft að uppfylla þessa kröfu og önnur áfangaheimili bjóða einstaklingum ekki jafn mikinn stuðning og virkniúrræði á staðnum eins var gert á áfangaheimili Kærleikssamtakanna.

Önnur krafa var að við áttum að sýna fram á að einstaklingarnir hefðu komið beint úr meðferð inn á áfangaheimilið - á meðan velferðarsvið Rvkborgar greiddi þá og greiðir að okkur vitandi enn í dag, þennan styrk til áfangaheimilis sem er með blautt úrræði, svo einstaklingarnir eru bæði í neyslu og engri endurhæfingu. Sum áfangaheimili krefjast þess að einstaklingur séu í vinnu eða öðru úrræði en sum gera enga slíka kröfu. Hefur velferðarsvið Rvkborgar fyrir vikið mismunað áfangaheimilum og ýtt undir áframhaldandi heimilisleysi margra einstaklinga.

## REKSTRARYFIRLIT

Kærleikssamtökin leggja hér fram lykiltölur úr ársreikningum fyrir árin 2018-22. Minnt er á að allt starf félagsins, eins og fjallað er um í skýrslu þessari, hefur byggst mest á samstarfi við einstaklinga í formi sjálfsstyrkingar, verkefnaöppu, viðtölum, bréfaskriftum, aðstoð við daglegar athafnir og leitast hefur verið eftir samstarfi við önnur félagasamtök og stjórnsmálaflokka. Allt starf hefur verið unnið í sjálfboðavinnu. Formaður félagsins hefur lagt út fyrir nauðsynlegum kostnaði, sem hefur verið skráð sem lán og er þannig skuld við formann. Rekstur áfangaheimilisins gekk ekki sem skyldi vegna ýmissa þátta. Leitast hefur verið eftir að halda öllum kostnaði í lágmarki. Það hefði þurft að koma samtökunum betur á framfæri og sem er verið að leggja sérstaka áherslu á sbr. skýringar á næstu blaðsíðu. Kærleikssamtökin hafa þó leitað til allmargra aðila eftir fjárstyrk, sótt um styrki og haldið úti söfnunum.

Þá skiptir máli að geta litið á sýn félagsins út frá mannréttindakerfi og heildarlausnum þeirra - sem er að koma fram með samstarf byggt á nýrri hugsjón, nýrri nálgun og nýrri útfærslu og vera leiðandi í samstarfi milli ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka með það markmið að fjármagn til félagasamtaka verði sjálfkrafa í meira samræmi við framlag og starfshlutföll þeirra. Það að félög sinni starfi árum saman í sjálfboðavinnu, sem m.a. hið opinbera á að sinna lögum skv. og allt gert til að greiða ekki krónu og hindra starf þeirra með ýmsu móti - getur ekki talist í lagi. Félög með skýra stefnu og sem starfa í þágu almennings eiga sjálfkrafa að fá fjármagn, alveg eins og t.d. stjórnsmálaflokkar gera.

<b>Lykiltölur úr ársreikningum</b>	<b>2022</b>	<b>2021</b>	<b>2020</b>	<b>2019</b>	<b>2018</b>
<b>Tekjur:</b>					
Leigu- og fæðistekjur		1.054	19.860		
Félagsgjöld	75				4
Styrkir	675	70	558	385	795
Aðrar tekjur	28	14	45	83	53
<b>Gjöld:</b>					
Rekstur áfangaheimilis		993	18.914		
Skrifstofukostnaður	310	359	315	358	227
Annar rekstrarkostn.	431	240	822	476	1.008
Niðurfærslna krafna	2.966				
Fjármagnstekjugjöld	(7)	(17)	(24)	(2)	(7)
<b>Rekstrarafkoma:</b>	<b>(2.936)</b>	<b>(470)</b>	<b>389</b>	<b>(369)</b>	<b>(390)</b>
<b>Eignir:</b>	<b>375</b>	<b>2.968</b>	<b>3.720</b>	<b>2</b>	<b>1</b>
<b>Skuldir:</b>	<b>4.150</b>	<b>3.807</b>	<b>4.089</b>	<b>760</b>	<b>390</b>
<b>Eigið fé:</b>	<b>(3.775)</b>	<b>(840)</b>	<b>(369)</b>	<b>(758)</b>	<b>(389)</b>

*Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna*

Skýringar:

*Rekstur áfangameilis var allt árið 2020 og út janúar 2021.*

*Aðrar tekjur eru sala bóka sem félagið fær allan ágóða af og dósasöfnun.*

*Skrifstofukostnaður eru ritföng ásamt hugbúnaðarleyfum og tölvukerfi.*

*Annar rekstrarkostnaður er bókhaldsþjónusta, aðkeypt þjónusta v/ söfnunar, trygging fyrir geymsluhúsnæði, eldsneyti og þjónustugjöld í banka.*

*Niðurfærslna krafna eru kröfur fyrir þjónustu gagnvart einum aðila frá árinu 2020. Í ljósi þess að óvissa ríkir um innheimtu þeirra eru þær niðurfærðar í rekstrargjöldum á árinu 2022.*

*Skuldir eru við þrjá aðila; lán formanns til félagsins og lán frá einum aðila frá árinu 2020 greiddast niður þegar færi gefst - þá eingöngu af öðrum tekjum en beinum styrkjum - þar sem gert er ráð fyrir þeim í fyrirfram ákveðin verkefni. Hvorug skuldin safnar vöxtum eða er til innheimtu hjá innheimtufyrirtæki. Þá eru útgefnir viðskiptareikningar í desember 2022 fyrir þjónustu sem félagið kaupir en sem greiddast í janúar 2023.*

Samtökin eiga ýmsa lausahluti, s.s. skrifborð, bréfamöppur og ýmislegt fleira sem er í geymslu sem stendur. Flest allt eru gjafir til samtakanna og ýmis húsbúnaður var til eftir rekstur áfangameilisins, sem hefur m.a. verið notaður til að styðja við einstaklinga sem hafa fengið húsnæði. Er því um að ræða hluti sem koma og fara án endurgjalds og er ekki sérstaklega haldið utan um þá.

Kærleikssamtökin hafa hingað til ekki haft starfsmann á launaskrá og hefur allt starf verið unnið í sjálfböðavinnu. Ársverk (starfsgildi) á árunum 2018-22 hafa verið u.þ.b. 15 samtals eða að meðaltali 3 á ári sem þrjú einstaklingar hafa sinnt. Þar af hefur einn einstaklingur sinnt u.þ.b. 11 starfsgildum (meðaltal 2,2 á ári), einn einstaklingur sinnti 0,5 starfsgildi sitt hvort árið 2018-19 en 1 starfsgildi árið 2020. Þriðji einstaklingurinn hefur sinnt 1 starfsgildi sitt hvort árið 2021-22.

## **FJÁRÖFLUN OG STYRKIR**

Til að ná að snúa við skuldastöðu félagsins til tveggja aðila, ráðgerir stjórnin að auka við sölu bókana með fleiri kynningum og geta tekið við fleiri dósnum í endursölu, s.s. að sækja heim til fólks og að geta haft móttöku á félagsheimilinu með starfsstöðvum.

Allt sem safnast í söfnunarátaki fyrir dagsetur fer inn á sér reikning og er eingöngu notað í það verkefni.

Félagsgjöld og styrkir félagsmanna eru notaðir í daglegan rekstur skrifstofu og til að byggja upp félagsheimilið með starfsstöðvum.

Ákveðið hefur verið að framleiða styrktarvöru til sölu sem verður unnið að í sumar og seld með haustinu. Allur ágóði hennar er afmörkuð og mun snúa að dagsetri og félagsheimili til að byrja með.

Vissulega hefur umfang rekstrarstarfs félagsins í tölum verið lítið. Eins og fram kemur hefur starf samtakanna að mestu farið fram út á götu með einstaklingum. Aðrar ástæður er skortur á vinnuafli til að byggja starfsemina upp og fjárskortur. Breytingar til góðs hafa orðið með skráningu félagsins sem almannaheillafélag en tími og vinna mun fara í að koma samtökunum betur á framfæri, að afla styrkja og auka við vinnuafli til að útfæra verkefni. Heldur sú vinna áfram árið 2023 og markmiðið er að geta opnað dagsetur og félagsheimili á þessu eða næsta ári.

Verið er að funda með nokkrum aðilum um aðkomu að dagsetri og félagsheimili og verið er að undirbúa styrktartónleika í haust.

Einnig hefur markviss vinna verið unnin til að ná til fyrirtækja og var áætluð styrktarherferð í byrjun þessa árs, en hún færir fram á haust og næsta vetur. Samtökin eru með samning við símafyrirtæki sem kemur að söfnun næstu árin.

Varðandi félagsheimilið er unnið að því að ná til fleiri einstaklinga sem geta verið félagsmenn og sem geta auk þess tekið þátt í uppbyggingu félagsheimilisins. Haldnir eru 2 opnir fundir í mánuði, sem stendur, til að kynna samtökin. eru þeir haldnir 2. og 4. hvern miðvikudag kl. 17-18 á aðalbókasafni Kópavogs við Hamraborg í salnum Beckmannsstofa á miðhæð hússins.

## **FRAMTÍÐARSÝN - ÞREPASKIPT ÁFANGAHEIMILI**

Eins og kemur fram er verið að undirbúa opnun dagseturs og félagsheimilis með starfsstöðvum. Dagsetrið er ætlað heimilislausum karlmönnum í neyslu. Þar er ráðgert að bjóða upp á kaldan/heitan mat, þvottaaðstöðu, sturtur, geymslupláss og auk þess aðstoða einstaklinga til að ná utan um sín mál, fara yfir stöðu hvers og eins og styðja viðkomandi til að ná að taka raunhæf skref í átt að bata.

Félagsheimili með starfsstöðvum er ætlað félagslega einangruðum einstaklingum sem t.d. eru öryrkjar eða eru á félagsbótum, sem búa á áfangaheimilum eða á sófanum hjá vinum og ættingjum eða eru í sjálfstæðri búsetu og einstaklingum með fíknisögu og eru edrú.

Aðaláherslan er félagsleg einangrun og að vilja rjúfa hana og komast út úr henni með virkni og stuðningi. Að vilja t.d. hafa eitthvað fyrir stafni yfir daginn, vilja vera í félagsskap sem skilur þig og er að takast á við svipað og þú, vilja ná að stíga fleiri skref en að vera edrú, einnig að vilja læra að horfa heildrænt á stöðu sína og fá aðstoð til að tækla daglegt líf og samskipti við sjálfa/-n sig og aðra.

Félagsheimilið verður vettvangur til að skapa tækifæri að uppbyggjandi og langtíma lausnum, fyrirlestrum, námskeiðum og vinnustofum fyrir félagsmenn.

Áfangaheimili yrðu næstu skref. Allt of margir einstaklingar hafa ekki fastan eða viðunandi samastað. Allt of margir einstaklingar fara í meðferð eftir meðferð og annað hvort bíður þeirra gatan, sófi út í bæ eða heimili þar sem þeir eru félagslega einangraðir. Allt of margir ná ekki fótfestu þrátt fyrir langtíma endurhæfingu vegna geðræns- og líkamlegs ójafnvægis, meðferð við áfengis- og/eða fíknivanda og allt of margir hafa ekkert að gera á daginn.

Þrepaskipt áfangaheimili Kærleikssamtakanna tákna að einstaklingur getur farið í gegnum þrepaskipta áfanga hjá sama aðila og þá samhliða öðrum meðferðum og úrræðum sem þörf er á. Þessir þrepaskiptu áfangar byggja á samstarfi við einstaklinga sem gera þeim kleift að vera meira með í ákvarðanatökum um sjálfa/-n sig frá byrjun til enda. Einnig að ýtt sé undir meiri stuðning með samstarfi við 3ja aðila sem einnig koma að einstaklingnum.

Hér verður farið yfir nálgun, aðferð, virkni- og stuðningsúrræði, ásamt því að fjalla stuttlega um mannréttindakerfi og heildarlausnir Kærleikssamtakanna og mikilvægi vitundarvakningar þegar kemur að því að aðstoða og styðja við stóran hóp einstaklinga sem eru félagslega einangraðir. Einstaklingar sem geta tekið virkari þátt í þjóðfélaginu með ýmsum hætti ef samstarf yrði meira milli þeirra sem koma að hverjum og einum einstaklingi – samstarf sem myndi tryggja mjög þarft stuðningsnet með jákvæðum og uppbyggilegum mannlegum samskiptum.

## **NÁLGUN OG AÐFERÐ**

*Nálgunin* sem notuð er í starfi Kærleikssamtakanna byggir á því að mæta hverjum og einum þar sem hann er staddur. Það þýðir að hver einstaklingur á rétt á sinni skoðun og að vilja gera hlutina á sinn hátt. Hins vegar skapast ákveðið vandamál þegar ætlast er til að þeir sem koma að starfi samtakanna eiga að beygja sig undir og taka á móti ósanngjarnri hegðun og framkomu, helst að vera meðvirkir, leggja út peninga og tíma á meðan einstaklingurinn leggur lítið á sig á móti.

Kærleikssamtökin eru ekki þjónustuaðili heldur er um að ræða hugsjón um að hvert okkar er með hegðun sem stafar af fyrri reynslu, bæði jákvæðri og neikvæðri. Að hvert okkar þurfi stöðugt að líta í eigin barm til að tryggja að við bætum okkur og lærum af neikvæðri hegðun okkar og annarra.

*Aðferðin* sem notuð er í starfi Kærleikssamtakanna byggir á virkni- og stuðningsúrræði, á samstarfi við einstaklinga, samstarfi við önnur félagasamtök, samstarfi við stjórnmalaflokka, mannréttindakerfi og heildarlausnum Kærleikssamtakanna - jákvæðum og uppbyggjandi mannlegum samskiptum.

Þar sem starf samtakanna er ekki þjónusta þá felur það í sér þátttöku einstaklingsins sama hversu lítil hún er hverju sinni. Árangurinn mælist í aukinni getu til að sinna sínum eigin málum, skilningi og aðferðum til að takast á við daglegt líf, samskipti og ekki síst sjálfa/-n sig, t.d. til að bæta eigin hegðun.

Annar mikilvægur þáttur er, að sá sem þiggur stuðning getur stutt aðra þegar fram í sækir. Þessi þáttur snýr að því að þiggja stuðning frá sjálfbodaliðum í samtökunum og leggja svo sitt af mörkum til að endurgjalda með því að gerast sjálfbodaliði. Ekki er þessa krafist af neinum heldur er um að ræða þátt sem snýr að því að þiggja og gefa og er liður í mannlegum samskiptum hvarvetna.

Þessi nálgun og aðferð gengur út á það - að bæði sá sem styður og sá sem þiggur stuðning - eru í samstarfi og ætla að virða skoðanir og getu hvors annars. Að báðir aðilar leggi sig fram um að draga úr meðvirkni, ýta ekki undir meðvirkni og beiti ekki stjórnun, hótun eða annarri valdbeitingu.

Að báðir aðilar sýni þolinmæði og leggi sig fram um að skilja af hverju starf Kærleikssamtakanna er ekki þjónusta, heldur virkni- og stuðningsúrræði þar sem vilji og þátttaka þess einstaklings sem fær stuðning, þarf að vera með.

## **VIRKNI- OG STUÐNINGSÚRRÆÐI**

Virkniúrræði Kærleikssamtakanna snýr að persónulegri nálgun, daglegri rútínu, mataræði, næringu, hvíld, svefn og líkamlegri hreyfingu, fjármálum, fíkní- og geðrænum vanda, að skoða hugsanir sínar, tilfinningar og hegðun, að skoða sig sem einstakling, aga sig, virkja á heilbrigðan hátt og að miðað sé við getu hvers og eins hverju sinni, að skoða stuðningsnet sitt og byggja það upp, skoða umhverfi sitt og samskipti við aðra.

Á meðan farið er í gegnum þessa þætti þá er stuðningur til staðar frá Kærleikssamtökunum. Stuðningurinn fellst í því að aðstoða einstakling til að nálgast hindranir í lífi sínu og þá þætti sem hafa komið honum í ójafnvægi, sem síðan hafa leitt af sér erfiðleika í lífinu. Einnig til að nálgast áföll og leita sér í framhaldi meðferðar hjá 3ja aðila eftir þörfum og áhuga.

Að rjúfa hvers kyns félagslega einangrun eru áhrif virkniúrræðisins.

Stuðningurinn fellst í því að fara með einstaklingi í viðtöl, sækja um það sem þarf og halda utan um umsóknir eða annað sem hver þarf að sinna. Þannig er einstaklingurinn ekki einn að sjá um sín mál heldur hefur stuðningsaðila til að fara með sér í gegnum ferlið sem þarf að eiga sér stað til að viðkomandi geti komið sjálfum sér og lífi sínu aftur í jafnvægi.

Bæði virkniúrræðið og stuðningurinn felur í sér þátttöku einstaklings eftir getu hverju sinni.

Það er misjafnt hvað við eigum auðvelt með að gera og hvað er okkur ofviða.

Stuðningurinn felst í því að aðstoða við það sem er erfitt að gera til að ná árangri þar. Finna út hvað hindrar hvert okkar - er það kvíði, þunglyndi, skilnings- eða agaleysi, meðvirkni, forðun, áfallastreita, ótti við höfnun og óvissu, einmannaleiki eða kannski sambland af þessu að hluta til eða öllu leyti.

Kvíði er ein mesta hindrun fyrir því að ná ekki að gera það sem við þurfum að gera. Kvíði byggir á ótta sem getur valdið því að einstaklingur er ófær um að gera vissa hluti, en getur á móti verið meðvirkur, t.d. af ótta við höfnun. Þannig nær einstaklingur oft ekki að gera greinarmun á styrkleikum og veikleikum sínum svo ójafnvægi skapast í hugsun, tilfinningum og hegðun.

Þarna er til staðar óvissuástand um sjálfa/-n sig, hugsanir sínar, tilfinningar sínar, hegðun sína og getu til að takast á við áföll sem hver og einn hefur lent í og ekki hefur verið unnið úr. Áföll í lífinu valda geðrænu ástandi sem margir festast í. Áfall getur verið löngu liðið hjá en einstaklingur er fastur í ástandinu sem það olli og er þá um að ræða áfallastreituröskun.

Kvíði getur leitt til þunglyndis og margs konar fælni og frestunar á að gera hluti sem gagnast okkur og eru okkur jafnvel lífsnauðsynlegir. Þannig hamla kvíði, ótti, meðvirkni, óvissa, þunglyndi og öll önnur geðræn áhrif – framför okkar og möguleika á að vera í jafnvægi, ná fótfestu og getu til að nota styrkleika okkar til fulls á öllum sviðum lífsins. Að auki getur slíkt geðrænt ástand valdið líkamlegum kvillum svo færni okkar skerðist enn frekar eða leitt til sjálfsvígs.

Til að virkniúrræðið og stuðningurinn nýtist þá þarf einstaklingur að vilja nálgast sig inn á við, vilja skoða sitt ójafnvægi og vera tilbúin að þiggja stuðning til að vinna með sjálfa/-n sig. Að vera tilbúin að vilja – er fyrsta skrefið.

Virkniúrræði og stuðningur Kærleikssamtakanna er góð leið til að komast á þann stað að geta samhliða eða í framhaldi leitað sér meðferðar sem þörf er á. Að auki gefur það einstaklingi færi á að fara í gegnum þetta nálgunarferli með stuðningi og utanumhaldi, þ.e. að halda uppi sýn á því hvaða skref er raunhæft að taka hverju sinni. Þannig er hægt að koma í veg fyrir að einstaklingur fari of geyst í bataferli eða sé að spóla í sama farinu. Virkniúrræðið nýtist einnig samhliða öðrum úrræðum/meðferðum.

Þessi nálgun Kærleikssamtakanna felur það í sér að hver einstaklingur fer á sínum hraða til að nálgast sjálfa/-n sig. Málin eru rædd og tekið er mið af því hvað kemur upp hjá hverjum og einum og unnið er út frá því.

Til að ná markmiði – þarf hver og einn að læra að nálgast þær hindranir sem eru til staðar hjá sér. Ef við erum ekki með neitt sem hindrar okkur til að ná markmiði – þá þurfum við ekki stuðning eða meðferð til að ná markmiðinu.

Svo sama hvert markmið okkar er – þá er fyrsta skrefið að meta hvort við getum náð því sjálf eða hvort við þurfum að afla okkur þekkingar, stuðnings, sækja endurhæfingu eða meðferðar svo að markmið okkar verði að veruleika.

## **MANNRÉTTINDAKERFI og HEILDARLAUSNIR KÆRLEIKSSAMTAKANNA**

### MANNRÉTTINDAKERFI

Hér kemur starf Kærleikssamtakanna fram með því að mynda samstarf við einstaklinga, félagasamtök, stjórnmalaflokka og aðra sem vinna afmarkað að ákveðnum málafnum. Samstarfið felst í því að koma á nýrri hugsjón, nýrri nálgun og nýrri útfærslu – til þess að einstaklingar sem leita eftir aðstoð fyrir sig eða ástvin – geti tengst kerfi sem heldur utan um viðkomandi – kerfi sem er til staðar frá upphafi til enda – kerfi sem er með úrræði og lausnir – kerfi sem leysir vanda og erfiðleika sem hvert okkar á rétt á að fá lausn á. Þannig kerfi er farvegur fyrir rétta aðleiðslu. Þannig kerfi er mannréttindakerfi.

Kerfin sem eru til staðar núna er stýrt í gegnum stjórnmal. Þar sem afleiðingar þeirra kerfa sem stjórnmal hafa komið á fót hafa alla tíð aukið jafnt og þétt við og viðhalda fátækt á mörgum sviðum – þá er ljóst að nýtt afl þarf til – svo að rétt aðleiðsla nái fram að ganga með nýrri hugsjón, nýrri nálgun og nýrri útfærslu.

Í nóvember 2017 lögðu Kærleikssamtökin fram Mannréttindakerfi byggt á 7 leiðum, sem er farvegur sem byggir á réttri aðleiðslu og leiðir til jafnvægis, til réttlætis, til mannréttinda.

(á vefsíðunni [www.kaerleikssamtokin.is](http://www.kaerleikssamtokin.is) er hægt að lesa nánar um þessar leiðir)

- Rétt aðleiðsla í stjórnmalum sem byggir á mannréttindakerfi
- Samstarf við einstaklinga
- Samstarf við félagasamtök
- Samstarf við stjórnmalaflokka
- Kærleikssamtökin gera tilkall til sætis á Alþingi
- Mannréttindakerfi skipt út fyrir stjórnmalaflokka
- Áskorun til virkra félagasamtaka með skýra stefnu

Til að þessi rétta aðleiðsla verði að veruleika þá þarf samstarf. Kærleikssamtökin leggja hvarvetna áherslu á samstarf og þau hafa nú í meira en heilan áratug leitað eftir samstarfi við fjölmarga aðila. Það er augljóst er bæði kerfin, félagasamtök og einstaklingar eiga erfitt með að sjá fyrir sér þessar breytingar svo erfitt er að taka þátt eða leggja sitt af mörkum til að byggja upp samstarf.

Samt sem áður kvarta margir og verða fyrir barðinu á kerfunum og margir eru ósáttir við þau og sjálfa/-n sig. Það verður ekki fyrr en að hver og einn ber ábyrgð á sinni hugsjón, sinni nálgun og sinni útfærslu sem raunhæfar breytingar verða.

Aðalatriðið er að vilja leggja á sig þær breytingar sem hver þarf að gera - til að gera heiminn betri. Mannréttindakerfinu sem hér er lýst og þær leiðir sem fjallað er um - eru lagðar hér fram til að fá fólk til að hugsa.



Orka Kærleikssamtakanna er kærleikur svo heildarstefna þeirra snýr að því að dreifa og nota kærleika sem grunn inn í kerfin og samstarf milli kerfisins, félagasamtaka og einstaklinga. Með því að tengjast Kærleikssamtökunum og með því að tengja Kærleikssamtökin milli aðila og kerfa er verið að kalla fram samskonar orku sem hægt er að vinna út frá á öllum stöðum. Þannig eru Kærleikssamtökin ekki eitthvað ráðandi afl heldur einfaldlega farvegur kærleika.

#### HEILDARLAUSNIR

Kærleikssamtökin hafa komið að málefnum heimilislausra á árunum 2008-2011 og aftur frá hausti 2017. Miðað við þær vinnuáðferðir sem notast er við í samskiptum og verklagi þá lögðu Kærleikssamtökin fram rit með heildarlausnum sínum á samstarfi við einstaklinga, félög og stjórnmalaflokka, sem var dreift á fjölda staða í PDF formi í nóvember 2018. Felur ritið í sér samskipti, samstarf og samstöðu í nálgun, umræðum og lausnarmiðaðum aðgerðum og verklagi – svo bæði ríki og sveitarfélög nái að uppfylla lagaleg skilyrði þegar í stað.

(á vefsíðunni [www.kaerleikssamtokin.is](http://www.kaerleikssamtokin.is) er hægt að lesa ritið með heildarlausnum)

### **MIKILVÆGI VITUNDARVAKNINGAR**

Þegar kemur að lausnum sem tengjast áfallasögu og sem leitt hafa til frekari ójafnvægis á lífsleiðinni eða fyrirsjáanlegt er að svo verði - þá er afar nauðsynlegt að grípa inn til að breyta líðan sinni og ástandi.

Að öllu jöfnu ná margir einstaklingar sjálfir að leita sér aðstoðar. Svo er þessi hópur einstaklinga sem nær því ekki. Sumir reyna og reyna, aðrir aðlagast því að vera öryrkjar, fátækir og félagslega einangraðir og svo er hluti þeirra sem fyrirfer sér á einhverjum tímapunkti.

Hvað er til ráða?

Allt starf Kærleikssamtakanna byggir á virkni og stuðningi ásamt því að mæta einstaklingum þar sem þeir eru staddir hverju sinni. Þegar farið var með námskeið inn á Litla Hraun árið 2008-9 var sagt að mikil þörf væri á þeirri sjálfsstyrkingu sem um ræddi. Sumir þeirra sem afplánuðu eru enn í dag að þakka fyrir að þessi námskeið björguðu þeim í gegnum fangelsisvistina.

Alla tíð hefur starf Kærleikssamtakanna einkennst af því að ná til einstaklinga í sinni verstu stöðu og aðstoða þá þar.

Meginþátturinn sem þarf að skiljast er sá, að langflest úrræði miða við það að einstaklingar séu búnir að taka fyrstu skrefin, séu búnir með meðferð eða séu búnir að sækja um endurhæfingu og kröfur eru um að einstaklingar þurfi sjálfir að sjá um ákveðna þætti og þá er hægt að aðstoða og styðja þá í næstu skrefum.

Þarna liggur aðalvandinn.

Vitundarvakningin sem þarf að eiga sér stað er að það þarf að breyta nálgun og aðferð til að virkja einstaklinga þar sem þeir eru staddir - hvar sem þeir eru staddir.

Alveg eins og t.d. hjálparsími sem hægt er að hringja í, setur ekki þau skilyrði að einstaklingurinn sé búin að fara í meðferð og sé edrú eða í endurhæfingu, til að fá að tala við einhvern. Tilgangurinn er að tala við alla þar sem hver er staddur því vitað er að það getur bjargað mannlífi.

Tilkoma dagseturs, félagsheimilis og áfangaheimilis í formi þrepaskipts úrræðis getur breytt lífi margra einstaklinga sem hafa sjálfir ekki náð að leita sér aðstoðar eða hafa farið í gegnum sömu meðferðir aftur og aftur - en ná ekki fótfestu eða að breyta lífi sínu með uppbyggilegum árangri.

Annar þáttur í vitundarvakningunni er sá að hætta þarf að líta svo á að þessi hópur einstaklinga sé með svo mikinn vanda og þurfi svo mikla þjónustu.

Þetta eru einstaklingar sem þarf að nálgast á mannlegum forsendum, byggja þarf upp traust með því að þeir finni, sjái og upplifi stuðning í öllu sem þeir eru að ganga í gegnum.

Til að þessi þáttur geti breyst þarf bæði hugarfarsbreytingu hjá kerfinu og þeim einstaklingum sem neyðast til að sækja þjónustu kerfisins.

Það sem einstaklingarnir þurfa að læra og skilja er að Kærleikssamtökin vinna út frá ramma þar sem ákveðin atriði ná yfir alla. Þannig er, að þó svo að um sé að ræða einstaklingsmiðaða aðstoð og stuðning, þá t.d. þurfa allir að þvo sér um hendurnar, ganga vel um sameiginlega staði, hafa þarf fasta matmálstíma og ró á ákveðnum tímum. Einnig nær þetta til þess að Kærleikssamtökin eru ekki þjónustuaðili svo það þarf ávallt vilja og þátttöku einstaklinga eftir getu hverju sinni til að breytingar og bati verði að veruleika.

Það þurfa því allir að vinna sig upp í það og aðlaga sig ákveðnum en heilbrigðum og eðlilegum ramma sem gildir fyrir alla.

## **NIÐURLAG**

Í raun skiptir engu máli hvar einstaklingur er staddur.

Það sem skiptir máli er að viðkomandi finni fyrir því - að hann skiptir máli.

Kærleikssamtökin hafa lagt áherslu á að fá einstaklinga í stjórn félagsins sem hafa reynslu af erfiðleikum í gegnum lífið og sem náð hafa árangri og fótfestu.

Svo margir eru í dag að miðla reynslu sinni af bata - hvers kyns bata.

Bati er hugtak sem þarf að aðlaga að öllum stigum, þ.e.a.s. að bati getur átt sér stað á öllum þeim stöðum sem einstaklingur getur verið á í lífinu.

Ef eitt símtal í hjálparsíma varð til þess að einn einstaklingur tók ekki líf sitt - þá er um að ræða bata hjá viðkomandi. Einstaklingurinn upplifði að hann skipti máli og sá að það er til leið út úr sínum aðstæðum. Það er bati og hluti af bataferli.

Þegar uppgjöf og tilgangssleysi hrjáir einstakling með langa áfallasögu - þá felst bati í því að aðstoða og styðja einstaklinginn til að finna, sjá og upplifa að það er þess virði að reyna einu sinni enn og í þetta sinn með stuðningi.

Það þarf stórt átak í samstarfi til að ná að draga úr félagslegri einangrun, fátækt, heimilisleysi, áfengis- og/eða fíknineyslu - og áfallasögum.

Það þarf meira samstarf við einstaklinga í öllum þessum aðstæðum.

Það þarf meira samstarf milli félagasamtaka til að halda utan um einstaklinga.

Það þarf meira samstarf við stjórnaráflokka sem stýra opinberum kerfum og þar þarf mesta vitundarvakningin að eiga sér stað. Kerfi sem brýtur fólk niður eða heldur félagslega einangruðu, í fátækt, heimilisláusu, í óreglu og viðheldur áföllum hjá stórum hóp einstaklinga - er greinilega ekki að halda í við nútímann þegar kemur að mannréttindum.

Það er von og trú Kærleikssamtakanna að fleiri einstaklingar sjái tilgang í því að gerast félagsmenn og styrktaraðilar og þannig vera hlutdeild í því að koma á fót þrepaskiptu áfangahemili, sem er dagsetur, félagsheimili og áfangahemili.

Staðir sem geta komið fjölda einstaklinga út úr félagslegri einangrun, út úr fátækt, af götunni, út úr óreglu og sem geta fengið stuðning til að takast á við áfallasögu sína og þá erfiðleika sem hún hefur leitt af sér.

Með þökk,  
Sigurlaug Guðný Ingólfssdóttir  
formaður Kærleikssamtakanna

**Kærleikssamtökin**  
**Ársreikningur 2022**

Kærleikssamtökin  
Engihjalla 25  
200 Kópavogur

Kt. 561215-1030

# Efnisyfirlit

---

Áritun endurskoðenda.....	Bls.	2
Skýrsla stjórnar.....	-	3
Rekstrarreikningur.....	-	4
Efnahagsreikningur.....	-	5
Skýringar.....	-	6
Sundurliðandir.....	-	7

# Áritun endurskoðanda

---

Til stjórnar Kærleikssamtakanna

Við höfum veitt faglega aðstoð við gerð ársreiknings Kærleikssamtakanna fyrir árið 2022 byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410, sem fjallar um faglega aðstoð við gerð ársreiknings.

Við höfum notað faglega þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar til að aðstoða fyrirtækið við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum fylgt fyrirmælum síðareglna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni og faglega hæfni og varkárni.

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum stjórnenda félagsins.

Þar sem fagleg aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist af okkur að staðfesta nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 30. maí 2023

*Advant endurskoðun ehf.*



Sveinn R. Reynisson  
endurskoðandi

## Skýrsla stjórnar

---

Samtökin eru með aðsetur í Kópavogi og vinna að mannúðarmálum. Engin starfsmaður er á launaskrá hjá samtökunum. Kærleikssamtökin voru almenn félagasamtök en voru uppfærð í almannaheillafélag (fta) þann 4.3.2022. Aðalstarfssemi félagsins sem almenn félagasamtök voru aðstoð og stuðningur fyrir eintaklinga í formi bréfaskrifta með einstaklingum, að mæta með þeim á fundi og þrýsta á rétt þeirra hjá hinu opinbera auk rekstur áfangaheimilis um tíma. Kærleikssamtökin hafa starfað að mestu út á götu með einstaklingum, hafa ekki rekið opna skrifstofu og nýta sér fundaraðstöðu á bókasafni Kópavogs. Til stöð að opna verndaðan vinnustað með rekstri á áfangaheimili.

Með breytingu félagsins í almannaheillafélag var skerpt á tilgangi og markmiðum félagsins til almannaheilla. Til að mynda var hugtakinu verndaður vinnustaður breytt í félagsheimili með starfstöðvum og ákveðið að hefja söfnun fyrir dagsetri, sem hvoru tveggja er liður í uppbyggingu þrepaskipts áfangaheimilis sem samtökin vilja koma á laggirnar. Þann 31.10.2022 fengu samtökin skráningu í almannaheillaskrá skattsins svo að styrkir til þeirra eru frádráttarbærir frá skatti, í samræmi við annars vegar styrki einstaklinga og hins vegar styrki fyrirtækja.

Að áliti stjórnar **Kærleikssamtakanna** koma fram í ársreikningi þessum þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samtakanna í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu 2022.

Samtökin eru með aðsetur í Kópavogi og vinna að mannúðarmálum. Engin starfsmaður er á launaskrá hjá samtökunum.

Neikvæð afkoma varð af rekstri samtakanna á árinu 2022 að fjárhæð kr. 2.935.773. Uppsöfnuð afkoma í lok árs var neikvæð um kr. 3.775.467. Að öðru leyti vísar stjórn samtakanna í ársreikninginn um breytingar á eigin fé þess.

Reykjavík, 30. maí 2023

Í stjórn

Sigurlaug S. Jónsdóttir  
Jón Gunnar Jónsson  
Sigurlaug Waage Guðmundsdóttir  
Ólafur Svein Þfeldskof

## Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
<b>Rekstrartekjur</b>			
Leigutekjur.....		0	1.054.136
Félagsgjöld.....		75.000	0
Styrkir.....		675.614	70.000
Aðrar tekjur.....		27.935	13.878
		<u>778.549</u>	<u>1.138.014</u>
 <b>Rekstrargjöld</b>	 5		
Rekstur áfangheimilis.....		0	992.877
Skrifstofukostnaður.....		310.350	358.945
Annar rekstrarkostnaður.....		430.810	240.235
Niðurfærsla krafna.....		2.966.500	0
		<u>3.707.660</u>	<u>1.592.057</u>
 <b>Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....</b>		 (2.929.111)	 (454.043)
 <b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals.....		<u>(6.662)</u>	<u>(16.559)</u>
 <b>Afkoma ársins.....</b>		 <u><u>(2.935.773)</u></u>	 <u><u>(470.602)</u></u>



## Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	31.12.2022	31.12.2021
<b>Eignir</b>		
<b>Skammtímakröfur</b>		
Ýmsar skammtímakröfur.....	0	2.966.500
<b>Veltufjármunir</b>		
Bankareikningur.....	374.670	1.127
<b>Veltufjármunir</b>	<u>374.670</u>	<u>2.967.627</u>
<b>Eignir samtals</b>	<u>374.670</u>	<u>2.967.627</u>
<b>Eigið fé</b>	3	
Uppsöfnuð afkoma.....	(839.694)	(369.092)
Afkoma ársins.....	<u>(2.935.773)</u>	<u>(470.602)</u>
<b>Eigið fé</b>	<u>(3.775.467)</u>	<u>(839.694)</u>
<b>Skuldir</b>		
<b>Skammtímaskuldir</b>		
Skuldir við tengda aðila.....	1.401.726	1.066.531
Viðskiptaskuldir.....	23.411	15.790
Ýmsar skammtímaskuldir.....	<u>2.725.000</u>	<u>2.725.000</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>	<u>4.150.137</u>	<u>3.807.321</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<u>374.670</u>	<u>2.967.627</u>

# Skýringar

---

## Félagið

1. Kærleikssamtökin eru almannaheillafélag (fta) með lögheimili að Engihjalla 25 í Kópavogi. Meginstarfsemi samtakanna er aðstoð og stuðningur við einstaklinga sem eru félagslega einangraðir, búa við fátækt, heimilisleysi og sem eiga óreglu og/eða áfallasögu.

Kærleikssamtökin breyttust úr almennum félagsamtökum í fta eða almannaheillafélag þann 4.3.2022.

## Reikningsskilaáæterör

2. Ársreikningur Kærleikssamtakanna er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

Tekjur eru færðar í ársreikninginn þegar kröfuréttur myndast. Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Sjóður og óbundnar bankainnistæður teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi.

## Eigið fé

3. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	<u>Uppsöfnuð afkoma</u>
Yfirfært frá fyrra ári.....	(839.694)
Afkoma ársins.....	<u>(2.935.773)</u>
	<u><u>(3.775.467)</u></u>

## Önnur mál

4. Niðurfærsla krafna upp á kr. 2.966.500 eru kröfur gagnvart einum aðila frá árinu 2020. Í ljósi þess að óvissa ríkir um innheimtu þeirra eru þær niðurfærðar í rekstrargjöldum á árinu 2022..
5. Hjálagt eru sundurliðanir með rekstrarreikningi.

## Sundurliðanir

	2022	2021
<b>Rekstur áfangheimilis</b>		
Húsaleiga.....	0	600.000
Rafmagn og hiti.....	0	109.890
Fæðis- og kaffiskostnaður.....	0	282.987
	<u>0</u>	<u>992.877</u>
<b>Skrifstofukostnaður</b>		
Ritföng, pappír og prentun.....	25.956	38.630
Rekstur tölvubúnaðar.....	284.394	320.315
	<u>310.350</u>	<u>358.945</u>
<b>Annar rekstrarkostnaður</b>		
Rekstur bifreiða.....	61.274	197.220
Bókhaldskostnaður.....	174.894	0
Aðkeypt þjónusta.....	173.950	0
Ýmis kostnaður.....	5.011	0
Gjaldfærð áhöld.....	0	38.774
Bankakostnaður.....	15.681	4.241
	<u>430.810</u>	<u>240.235</u>